



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 2. desember 2020



Áttundi fundur 63 stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal E, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 2. desember 2020 kl. 12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 10 mánaða uppgjör
AÞ kynnti 10 mánaða uppgjör. Staða HSÍ er sterk um þessar myndir. Jafnframt kynnti AÞ spá um afkomu ársins. Ákveðið var að styrkja félögin um fyrstu greiðslu dómaragjalda sem og endurgreiða helming móttagjalda ársins. AÞ og RG útfæra styrkina gagnvart félögunum.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. A landslið karla, undankeppni EM og HM í Egyptalandi
RG kynnti stöðuna á landsleikjunum sem er framundan í janúar. RG er að skoða möguleikana á leiguflugi og mun vinna það áfram til að sjá hvort það sé raunhæfur kostur.
4. Persónuverndarstefna HSÍ
RG lagði fyrir persónuverndarstefnu HSÍ. Stjórn samþykkti stefnuna.
5. Framhald æfinga og keppnisbanns
RG kynnti stöðu varðandi æfinga og keppnisbann. RG og DBG munu vinna sviðsmyndir fyrir næsta fund stjórnar sem verður um miðjan desember. Umræður urðu um með hvaða hætti HSÍ á að koma fram í þessu máli og mun skrifstofan senda upplýsingapóst á aðildarfélögin þegar formannafundur verður boðaður.
6. Önnur mál
 - a. GBO kynnti stöðu fjárhagsúrræða stjórnvalda sem vonandi verða kynnt félögunum fljótlega.

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 16. desember kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari